



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 15. apríl 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson. Undir dagskrárlið 1 mætti Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi á fundinn.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ársreikningur 2013 (fyrri umræða)

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sveitarfélagsins kynnti helstu niðurstöður ársreiknings sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2013 og fór yfir lykiltölur og samanburð við fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og fékk skýringar á nokkrum atriðum en vísaði honum síðan til seinni umræðu.

### 2. Atvinnumál

a) Dimension of sound ehf.

Umræður urðu um samskipti við fulltrúa félagsins og gefnar skýringar á þeim.

b) Atvinnuþróunarsjóður

Úthlutunarreglur um atvinnuþróunarsjóð voru teknar til umfjöllunar. Sveitarstjórn mótaði hugmyndir um gerð og meðferð slíks sjóðs en ákvað að ljúka því á næsta fundi og vinna hugmyndavinnu betur á milli funda og stefnt að því að auglýsa í maí eftir umsóknum.

### 3. Bréf:

a. Samorku, dags. 1. apríl 2014

Með bréfinu býður Samorka sveitarfélaginu að ganga í samtökin sem eru hagsmunasamtök veitufyrirtækja. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að ganga í samtökin vegna fráveitu.

b. Rannsóknar og ráðgjafar, dags. 1. apríl 2014

Með bréfinu býður Rögnvaldur Guðmundsson framkvæmdastjóri RRF skýrslu upp úr rannsóknarniðurstöðum sem hafa verið unnar um árábil vegna komu erlendra ferðamanna til Íslands árin 2007, 2010 og 2013 þar sem sérstaklega verði skoðaðar komur erlendra gesta til Skagastrandar. Sveitarstjóra falið að semja við Rögnvald um skýrsluna.

### 4. Fundargerðir

a. Hafnarnefndar, 09.04.2014

Fundargerðin samþykkt.



b. Fræðslunefndar, 14.04.2014

Sveitarstjórn staðfesti lið 2 í fundargerðinni en frestaði afgreiðslu 3. liðar þar til sveitarstjórn hafi átt fund með skólastjóra. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

c. Stjórnar Róta bs, 21.02.2014

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar Róta bs, 27.02.2014

Fundargerðin var til kynningar.

e. Skólanefndar FNV, 18.03.2014

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 28.03.2014

Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 27.03.2014

Fundargerðin var til kynningar.

h. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 21.03.2014

Fundargerðin var til kynningar.

## 5. Önnur mál

Umræður urðu um gatnagerð og ýmsar framkvæmdir m.a. göngubrú á Hrafná.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.35

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson